

Um ljósmengun

Eftir Gunnlaug Björnsson og Þorstein Sæmundsson

Í MORGUNBLAÐINU 21. janúar er greint frá áætlun um nýja og mikla flóðlýsingu í miðbæ Reykjavíkur, svo sem við Austurvöll, Tjörnina og í Hljómskálagarðinum. Þessi hugmynd gengur þvert á þá stefnu sem nú er uppi í nágrannalöndum okkar, að draga sem mest úr óþarfa lýsingu í borgum og bæjum. Þar hafa menn gert sér grein fyrir því að ljósmengun er vandamál sem taka þarf tillit til. Reykjavík er nú þegar meira upplýst um nætur en flestar borgir af svipaðri stærð og ljósadýrðin sést langt út fyrir borgarmörkin. Frá sjónarmiði þeirra sem vilja njóta fegurðar stjörnuhimins og norðurljósa eru það bein umhverfisspjöll ef lýsingin í borginni verður aukin án þess að nokkra nauðsyn beri til. Margir myndu telja það brýnna að lagfæra fyrri mistök við lýsingu mannvirkja. Sem dæmi um slæma lýsingu má nefna ljósin við Perluna á Öskjuhlíð og flóðlýsinguna við Hallgrímskirkju og Háskólabíó, þar sem ljósin beinast að verulegu leyti í augu manna eða upp í himininn, engum til gagns.



„Náttmyrkrið og næturhiminninn eru hluti af náttúrunni.“

Hér er ekki farið fram á að borgin verði myrkvuð, aðeins að ljósum sé beitt af skynsemi og þar sem þeirra er þörf. Minna má á að Þennan hluta er smám saman verið að skerða án umræðu eða umhverfismats. Borgarbúar eru þannig hægt og bitandi sviptir fegurð náttúrunnar án þess að fá rönd við reist.

Tími er til kominn að yfirvöld umhverfismála taki þessi mál til athugunar og líti þá til nágrannalanda um fyrirkomulag.

Höfundar eru stjórnfræðingar við Raunvísindastofnun Háskólans.